

hæstum úrskurði 10. f. m. veitt Sigurði Helgasyni, fyrrum hreppstjóra, á Fitjum í suðurumdæminu á Íslandi, 50 ríkisdala árgjald úr styrktarsjóði dannebrogsmanna, frá því 1. júlím. 1861, og skuli fæð greitt úr jarðabókarsjóði Íslands, helmingur upphæðar þessarar á hverju missiri.

1862.
11. júlím.

Þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að láta kunn-
gjöra hlutadeiganda.

**41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir
alþingistíðindi.**

11. júlím.

Eptir að komnar eru hingað með bréfi yðar, 29. aprílm. þ. á., ítarlegri skýrslur, er stjórnarráðið hafði beðið um, við-
víkjandi prentun alþingistíðindanna 1859, eruð þér, herra stipt-
amtmaður, um leið og yður nú skal sent bréf dagsett 30. s. m.,
er hingað hefir komið frá forseta á alþingi árin 1859 og 1861,
Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfir-
rættinn, viðvíkjandi borgun þeirra 200 ríkisdala, sem enn standa
eptir af reikningi prentsmiðjunnar fyrir prentun tíðindanna, beðnir
um að fá beina uppástungu Jóns Guðmundssonar um, hvernig
mál þetta skuli útkljáð, og bera síðan uppástungu þessa undir
álit stjórnenda prentsmiðjunnar, og geti þá ekki komið á neinn
samningur millum þeirra og alþingisforsetans, að leggja þá mál-
ið á ný fyrir stjórnarráðið, ásamt álitum yðar um það; komist
samningur á, vonast stjórnarráðið eptir að fá vísbending um það.

Fylgiskjölín eruð þér beðnir að senda aptur.

**42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um laun organistans við dómkirkjuna
í Reykjavík.**

11. júlím.

Þér hafð, herra stiptamtmaður, síðast í bréfi 16. marzm.
þ. á., borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar spurning um
borgun þeirrar launaviðbótar framvegis, sem bæði í fyrra og núna